

Landsfundur LÍV 2002

Landsambands Íslenskra Vélsleðaeigenda

- 1) Jón Birgir Jónsson, Forseti, setur fundinn kl. 14:00.
- 2) Tillaga var samþykkt að Sævar Reynisson væri fundarstjóri og ritari Leif Österby.
- 3) Staðfest var að 21 kjör félagi væru á fundinum en fundinn sátu 33 félagar.
- 4) Skýrsa stjórnar var lögð fyrir af Forseta. Forseti ræddi útgáfumálin og taldi að þau væru í nokkuð góðum málum, útgáfustjórinn, Jóhann Ólafur Halldórsson, vantaði þó meira af efni frá félögum og benti Forseti félögum að hafa samband við Jóhann ef menn hafa spennandi efni. Gera má betur í vefútgáfu félagsins LÍV en sérstakar þakkir fá Halldór Arinbjarnar, Ríkarður Sigmundsson, Benedikt Bragason, Ey-LÍV og LÍV-Reykjavík fyrir heimasíður þeirra. Gerði Forseti það að tillögu að fréttablað félagsins, Sleðafiréttir, yrði sett inn á vefsíðu þess. Stjórnin er með tryggingarmál vélsleða í athugun. Kerlingarfjallamótið tókst með ágætum þrátt fyrir mikið vatnsveður og vatna siglingar. Stjórnin hefur settið fundi með öðrum útivistarfélögum og komið okkar hugmyndum á framfæri og hlustað á skoðanir annar félaga um verndun hálendisins. Í athugun hjá stjórn eru hvaða lög og reglur eru um akstur vélsleða innabæjar og utan ásamt því að fá svör við því frá þeim er þær reglur setja. Ennfremur er verið að fá á hreint hver hámarkshraði með skrásettan tengivagn aftan í bifreið er á þjóðvegum.
- 5) Endurskoðaðir reikningar voru lagðir fram og skýrðir. Gjaldkeri, Jóhann Gunnar Jóhannsson, fór yfir ársreikninga og útskýrði þá. Umræður um skýrslu stjórnar og gjaldkera. Rætt var um gám félagsins á Hveravöllum og að hann væri ekki upptekinn til lengri tíma af félagsmönnum né öðrum, þannig að félagsmenn komist inn í hann með sleða til viðgerðar. Stjórn var falið að athuga stöðu verkfæra og aðstöðu. Skýrsla stjórnar og gjaldkera borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- 6) Skýrslur félag LÍV-Reykjavík, Ey-LÍV og Snæ-LÍV.
Þór Kjartansson las skýrslu LÍV-Reykjavík.
Elías Þór Höskuldsson las skýrslu Ey-LÍV.
Jóhann Gunnlaugsson las skýrslu Snæ-LÍV.
- 7) Fjárhags og framkvæmdaráætlun næsta árs og útskýrði Gjaldkeri þau mál.
- 8) Ákvörðun um félagsgjöld og skipting þeirra var samþykkt og verða félagsgjöld óbreytt.
- 9) Ákvörðun um félagsgjöld þeirra félaga sem hafa auka aðild var samþykkt og verða félagsgjöld þeirra óbreytt.
- 10) Engar tillögur að lagabreytingum voru fram bornar.

11) Kosning stjórnar.

- a) Nýkjörin stjórn er eftirfarandi:
 - i) Forseti: Jón Birgir Jóhannsson (til eins árs)
 - ii) Aðrir í stjórn: Jóhann Gunnar Jóhannsson (til eins árs)
 - iii) Leif Österby (til tveggja ára)
 - iv) Guðmundur Jónsson (til tveggja ára)
 - v) Böðvar Finnbogason (til tveggja ára)
 - vi) Varastjórn: Hreiðar Hreiðarsson (til eins árs)
 - vii) Benedikt Bragason (til tveggja ára)

12) Kosning tveggja skoðunarmanna og einn til vara. Eftirfarandi eru skoðunarmenn til næstu tveggja ára

- a) Eiríkur Jónsson
- b) Vilhelm Ágústsson
- c) Tómas Búi Böðvarsson (til vara)

13) Kosning uppstillingarnefndar fyrir næsta landsfund. Eftirfarandi eru í uppstillingarnefnd:

- a) Ríkarður Sigmundsson
- b) Sindri Sigurgíslason
- c) Sveinn G. Sveinsson

14) Ákvörðun um næsta aðalfund: 11. október, 2003, á Hveravöllum. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

15) Önnur mál: Þór Kjartansson gerði grein fyrir þeirri vinnu sem LÍV-Reykjavík hefur unnið í sambandi við VHF fjarskiptakerfið í samvinnu með Ferðaklúbbnum 4X4 og Ferðafélagi Íslands. Rætt var um nauðsyn þessa máls og að halda því áfram undir stjórn LÍV-Reykjavík. Samþykkt var að lands LÍV myndi ábyrgjast fjárhagslegu byrgðina sem þetta hefur kostað LÍV-Reykjavík ásamt því að dreifa kostnaði á aðildarfélögin eftir efnun og aðstæðum. Þá voru eigendur skála hvattir eindregið til að setja upp VHF stöðvar í skála sína strax í haust.

16) Fundarslit: Forseti þakkaði fyrir traustið að kjósa sig aftur sem forseta og bauð nýja stjórnarmenn velkomna í stjórn. Einnig þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf. Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan og málefnalegan fund og sleit svo fundi.